
Daglíkarbrot - Ferð með Norrænu

Það yrði allt of langur pistill ef ég ætti að fjalla um alla ferðina, svo ég ætla að gripa niður í dagbókina og skrifa um nokkra daga af ferð okkar með Norrænu í sumar. Við byrjum í Þýskalandi.

15. júlí: Við fórum ásamt Binna og fjölskyldu til að skoða kaþátasafnið í Labal. Þar er kaþátur frá því í stríðinu og stærðar safn sem er að mestu neðanjarðar. Heldur fannst mér það drungalegt, en þar voru aðallega kransar og nöfn þeirra sem farist höfðu í stríðinu. Þegar við höfðum skoðað safnið fórum við í bæinn og ætluðum að kaupa mat en þá voru allar búðir lokaðar svo að við fórum aftur á tjaldstæðið. Um kvöldið birtust svo Bjarni og Bryndís ásamt Örmu dóttur sinni.



Á danski sólarströnd

við í þrívíddarbió og enduðum í kúrekaþorpi, þar sem við tókum þátt í "veðreiðum". Við vorum þarna þar til lokað var kl. 6 en þá fórum við til Lubeck þar sem við hittum Ingu, Lilla, Dedda og Fjólu.

17. júlí: Í dag fórum við til Schleswig og skoðuðum gömul, falleg hús. Við ætluðum að skoða kirkjuna líka, sem er geysistór með mikinn turn, en við eftirgrennslan kom í ljós að hún var lokað. Um kvöldið fórum við svo á litið tjaldstæði rétt sunnan við Flensburg. Þar létum við fara vel um okkur og spiluðum langt fram eftir nóttu.

18. júlí: Í dag var verslað í Flensburg. Þar er hægt að gera góð kaup. Bjarni var búinn að hafa samband við íslenskan mann sem er að koma upp tjaldstæði fyrir húsbíla skammt frá Tönder rétt við landa-mæri Danmerkur og Þýskalands. Við hittum hann í Tönder og hann fór með okkur að sveitabænum þar sem tjaldstæðið verður. Hann á mikið starf fyrir höndum, því þar er enn allt í niðurniðslu. Um kvöldið bauð hann okkur heim til sín.

23. júlí: Þetta er búinn að vera viðburðaríkur dagur. Við fórum að skoða hippanylendu sem er skammt frá Hansthólm. Þarna er um stórt svæði að ræða, sem hippar keyptu fyrir 25 árum, með ótal kofum og hreysum og alveg ólýsanlegum sóðaskap. Einn

Íslendingur býr þarna í torfkofa. Við hittum á hann þar sem hann lá í sólbaði á eld-gamalli og skitugri dýnu. Hann lét vel af sér og sagðist eiga nokkrar geitur og fara á sjó annað slagið. Við sáum mikið eftir því að hafa ekki verið með myndavélina meðferðis. Eftir þetta fórum við á strönd sem er 60 km. löng og flatmöguðum í sand-inum góða stund. Héldum síðan til Hirsthalls.

24. júlí: Í dag fórum við á ströndina og böðuðum okkur í sjónum. Síðan skoðuðum við kirkju sem er að mestu leyti grafin í sandinn. Eftir það fórum við út á Skagen en það er "táin" á Jótlandi þar sem Skagerak og Kattegat mætast. Það grípur mann sérstök tilfinning að standa á þessum litla sandtanga og horfa á tvö höf mætast.

Framhald í næsta blaði.

Stefanía Jóhannsdóttir - 112